

**Stjórn byggðasamlags - 49. fundur Stjórnar byggðasamlags Umhverfis- og
tæknisviðs Uppsveita haldinn Aratunga, 25. janúar 2018
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Árni Eiríksson, Aðalmaður, Björgvin Skafti Bjarnason, Aðalmaður, Gunnar Þorgeirsson, Formaður, Helgi Kjartansson, Aðalmaður, Nanna Jónsdóttir, Aðalmaður, Halldóra Hjörleifsdóttir, Aðalmaður, Ingibjörg Harðardóttir og Pétur Ingi Haraldsson. Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi og Davíð Sigurðsson aðstoðarmaður byggingarfulltrúa sátu fund undir fyrsta lið.

Fundargerð ritaði: Pétur Ingi Haraldsson, Framkvæmdstjóri

Dagskrá:

1. Faggilding - 1801061

Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi og Davíð Sigurðsson aðstoðarmaður byggingarfulltrúa fóru yfir málefni er varða kröfur mannvirkjalaga um faggilding til að fara yfir hönnunargögn og annast úttektir.

Stjórnin leggur til að byggingarfulltrúi haldi áfram vinnu við undirbúning faggildingar embættisins.

2. Uppgjör vegna Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga - 1801029

Lögð fram að nýju tvö samkomulög vegna uppgjörs Brúar lífeyrissjóðar starfsmanna sveitarfélaga og Byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu kt. 640392-2909 og Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita kt. 580209-0170. Annarsvegar er um að ræða 70.919 kr. og hinsvegar 13.230.780 kr. Þá er lagt fram skjal sem sýnir skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga byggt á heildarkostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna árin 2008-2016.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að senda aðildarsveitarfélögum reikning í samræmi við eftirfarandi:

Bláskógabyggð: 29,8% = 3.960.885

Grímsnes- og Grafningshreppur: 34,4% = 4.575.036

Hrunamannahreppur: 10,7% = 1.419.321

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: 11,5% = 1.532.268

Flóahreppur: 10,7% = 1.426.466

Ásahreppur: 2,9% = 387.724

Er þetta með fyrirvara um að fyrir liggja sundurliðun yfir gjöld allra starfsmanna byggðasamlagsins undanfarin ár.

3. Ráðning starfsmanna: Starfsmannamál - 1506031


Lagt fram bréf Péturs Inga Haraldssonar dags. 24. janúar 2017 þar sem hann segir

AG H.K. BSB 1

49. fundur Stjórnar byggðasamlags
25. janúar 2018

upp starfi sínum sem skipulagsfulltrúi frá og með næstu mánaðarmótum.
Stjórnin felur formanni að auglýsa starf skipulagsfulltrúa laust til umsóknar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:00



Helgi Hjartmannson

Hauddóra Hjörleifsdóttir

Árni Þorvaldsson

Þjónnora Sæfki Þorvaldsson